

Bláa Lónið hf.  
Samstæðuársreikningur  
2016

Bláa Lónið hf.  
Norðurljósavegi 9  
240 Grindavík

kt. 490792-2369

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2016 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Dótturfélög Bláa Lónsins eru sex, Blue Lagoon Clinic ehf., BLUE LAGOON international ehf., Blue Lagoon Travel ehf., Eldvörp ehf., Hótel Bláa Lónið ehf. og Íslenskar heilsulindir ehf.

Hagnaður af rekstri félagsins árið 2016 nam EUR 23,5 millj. samkvæmt rekstrarreikningi. EBITDA rekstrarársins var EUR 28,2 millj. eða 37% af veltu (2015: 39%). Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins í árslok EUR 53,6 millj. eða 49% af heildarfjármagni.

Framkvæmdir standa yfir við byggingu hágæða hótels og SPA við Bláa Lónið og miðar þeim vel. Áætlað er að framkvæmdum ljúki á árinu 2017.

Hlutfé félagsins er ISK 880,5 millj. og er bókfært virði þess EUR 5,3 millj. Fjöldi hluthafa í lok ársins er 51 eins og í upphafi árs. Eftirfarandi eru tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok:

	Eignarhluti
Hvatning slhf. ....	39,1%
HS Orka hf. ....	30,0%
Keila ehf. ....	9,2%
Hofgarðar ehf. ....	6,2%
Saffron Holding ehf. ....	4,9%
Bogmaðurinn ehf. ....	2,9%
M4 ehf. ....	2,9%
Sigurður Arngrímsson ....	1,2%
Bent Frisbæk ....	0,6%
Anna G Sverrisdóttir ....	0,5%

Stjórn félagsins telur framtíðarhorfur þess bjartar, en félagið er nú eitt lykilyrirtækja í íslenski ferðaþjónustu, sem hefur notið mikils vaxtar undanfarin misseri. Helstu ógnanir, sem stöðja að rekstrinum eru þær sömu og mundu almennt ógna íslenski ferðaþjónustu s.s. innlendar náttúruhamfarir, alþjóðleg hryðjuverk eða aðrir slíkir atburðir.



Stjórn félagsins mun leggja fyrir aðalfund tillögu að arðgreiðslu og mun endanleg fjárhæð arðgreiðslu verða ákveðin á fundinum.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Grindavík, 27. febrúar 2017.

Í stjórn félagsins:  
  
Thelzi Hlaugsson  
Anna Sverrisdóttir  
Forstjóri:  
  
Páll Magnússon

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Bláa Lónsins hf.

## Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Bláa Lónsins hf. („samstæðan“) fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2016 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grindavík, 27. febrúar 2017

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b> .....	4	77.226.426	54.333.038
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		9.125.829	6.800.567
Laun og launatengd gjöld .....	5	26.494.119	16.524.640
Annar rekstrarkostnaður .....	6	13.377.808	9.688.119
		<u>48.997.756</u>	<u>33.013.326</u>
<b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)</b> .....		28.228.670	21.319.712
Afskriftir .....	7	( 2.007.550)	( 1.831.141)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		26.221.120	19.488.571
Vaxtatekjur .....		595.504	114.196
Vaxtagjöld .....		( 756.065)	( 861.287)
Gangvirðisbreyting fjárfestinga .....		224.099	139.821
Aðrir fjármagnsliðir .....		387.880	267.466
Gengismunur .....	3b	2.858.573	322.202
<b>Hreinar fjármunatekjur (hreinn fjármagnskostnaður)</b> .....		<u>3.309.991</u>	<u>( 17.602)</u>
Hlutdeild í hlutdeildarfélagi .....	8	473.867	345.920
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		30.004.978	19.816.889
Tekjuskattur .....	14	( 6.540.230)	( 3.998.567)
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u>23.464.748</u>	<u>15.818.322</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	7	59.851.292	43.187.846
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	2.060.541	1.324.358
Fastafjármunir		<u>61.911.833</u>	<u>44.512.204</u>
Birgðir .....	9	3.175.297	2.161.323
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	10	5.274.855	2.401.019
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði .....	11	17.740.141	5.888.214
Bundin bankainnstæða .....		686.172	0
Handbært fé .....	3g	20.463.182	21.226.904
Veltufjármunir		<u>47.339.647</u>	<u>31.677.460</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>109.251.480</u>	<u>76.189.664</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	12	5.258.600	5.258.600
Yfirverðsreikningur .....		11.944.335	11.944.335
Bundið eigið fé .....		1.923.495	1.424.946
Óráðstafað eigið fé .....		34.514.163	21.241.788
Eigið fé	13	<u>53.640.593</u>	<u>39.869.669</u>
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir .....	15	32.299.999	22.483.273
Tekjuskattsskuldbinding .....	14	4.115.062	3.470.397
Langtímaskuldir		<u>36.415.061</u>	<u>25.953.670</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	16	11.569.988	5.260.657
Skattur til greiðslu .....	14	5.895.565	3.759.926
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	1.730.273	1.345.742
Skammtímaskuldir		<u>19.195.826</u>	<u>10.366.325</u>
Skuldir samtals		<u>55.610.887</u>	<u>36.319.995</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>109.251.480</u>	<u>76.189.664</u>

# Sjóðstreymisýfirlit ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....		23.464.748	15.818.322
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	2.007.550	1.831.141
Ónnleystar tekjur af markaðsverðbréfum .....		( 713.769)	( 297.182)
Vextir og gengismunur .....		( 1.753.395)	15.420
Áhrif hlutdeildarféлага .....		( 473.867)	( 345.920)
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu .....	14	644.665	634.446
Veltufé frá rekstri		<u>23.175.932</u>	<u>17.656.227</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting .....		( 1.013.974)	( 193.849)
Skammtímakröfur, breyting .....		( 2.484.683)	( 602.773)
Skammtímaskuldir, breyting .....		6.309.331	2.226.531
Tekjuskattur til greiðslu, breyting .....		2.135.639	621.231
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>4.946.313</u>	<u>2.051.140</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>28.122.245</u>	<u>19.707.367</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	7	( 18.670.996)	( 10.064.782)
Keypt verðbréf .....		( 15.463.363)	( 3.549.125)
Innleyst verðbréf .....		5.339.723	1.130.924
Breyting á eignarhlut í öðrum félögum .....		( 262.316)	0
		<u>( 29.056.952)</u>	<u>( 12.482.983)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Nýtt hlutafé .....		0	12.488.878
Úthlutaður arður .....		( 10.000.000)	( 8.000.000)
Afborganir langtímalána .....	15	( 23.829.015)	( 1.250.000)
Ný langtímalán .....		34.000.000	0
		<u>170.985</u>	<u>3.238.878</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b> .....		( 763.722)	10.463.262
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>21.226.904</u>	<u>10.763.642</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u>20.463.182</u>	<u>21.226.904</u>



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Bláa Lónið hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Norðurljósaveg 9 í Grindavík. Samstæðuársreikningur félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsvirði.

### b. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í evrum en stjórn félagsins ákvað að evra sé starfrækslugjaldmiðill félagsins.

### c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðureikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna hafa áhrif á.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðuársreikningi félagsins.

### a. Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yferráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yferráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins.

### b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrum. Gengi evru gagnvart íslenskri krónu samkvæmt Seðlabanka Íslands er sem hér segir:

	2016	2015
Gengi í árslok (EUR gagnvart ISK) .....	119,13	141,32
Meðalgengi ársins (EUR gagnvart ISK) .....	133,59	146,30

### c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

#### c. Fjármálagerningar, frh.:

Fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, það er á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr samstæðuársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Í skýringu 3 (j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

#### d. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra.

#### e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Baðstaður .....	33 ár
Aðrar fasteignir .....	33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir .....	4-7 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

#### f. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á meðalkostnaðarverði, en framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

#### g. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður til skemmri tíma en þriggja mánaða.

#### h. Virðisrýrnun

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar séu vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Eign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning ef bókfært verð eignar er hærra en nýtingarvirði hennar.

## Skýringar, frh.:

### 3. Helstu reikningsskilaaðferðir frh.:

#### i. Tekjur

*Seldar vörur og veitt þjónusta*

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

#### j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur eru vaxtatekjur af fjáreignum.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántökum og öðrum fjármagnskostnaði. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengishagnaður og gengistap af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum er færður nettó sem sérstakur liður í hreinum fjármagnskostnaði.

#### k. Tekjuskattur

Tekjuskattskuldbinding samstæðunnar er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi samstæðunnar hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt.

### 4. Rekstrartekjur

	2016	2015
Bláa Lónið, aðgangur .....	44.463.470	33.310.775
Veitingasala .....	17.989.521	10.686.139
Vörusala .....	10.596.976	8.356.348
Silica Hótel .....	4.176.459	1.979.776
Rekstrartekjur samtals .....	<u>77.226.426</u>	<u>54.333.038</u>

### 5. Starfsmannamál

Laun .....	19.638.299	12.248.423
Tryggingagjald .....	1.635.995	1.088.478
Lífeyrisiðgjöld .....	1.959.172	1.210.033
Annar starfsmannakostnaður .....	3.260.653	1.977.706
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>26.494.119</u>	<u>16.524.640</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu miðað við heilsársstörf ..... 394 302

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals EUR 990 þús. á árinu 2016 (2015; EUR 651 þús.).

### 6. Þóknun endurskoðanda

	2016
Þóknun vegna endurskoðunar .....	114.917
Þóknun vegna annarrar þjónustu .....	73.852
Þóknun endurskoðanda samtals .....	<u>188.769</u>

## Skýringar, frh.:

### 7. Rekstrarfjármunir

	Baðstaður	Aðrar fasteignir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
<b>Heildarverð</b>				
Staða 1.1.2015 .....	30.958.874	8.959.123	6.444.431	46.362.428
Keypt á árinu .....	6.111.141	2.496.964	1.276.038	9.884.143
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 643.074 )	( 19.263 )	( 1.559.451 )	( 2.221.788 )
Þýðingarmunur 2015 .....	0	0	180.638	180.638
Heildarverð 31.12.2015 .....	36.426.941	11.436.824	6.341.656	54.205.421
Staða 1.1.2016 .....	36.426.941	11.436.824	6.341.656	54.205.421
Leiðrétting virðisaukaskatts innan fjárfestinga ....			( 473.147 )	( 473.147 )
Keypt á árinu .....	16.521.767	3.212.950	1.595.288	21.330.005
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	( 3.509.308 )	( 3.509.308 )
Þýðingarmunur ársins .....	0	0	84.720	84.720
Heildarverð 31.12.2016 .....	52.948.708	14.649.774	4.039.209	71.637.691
<b>Afskriftir</b>				
Staða 1.1.2015 .....	6.542.499	1.490.650	3.375.074	11.408.223
Afskrifað á árinu .....	779.644	211.219	509.363	1.500.226
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 414.548 )	( 7.387 )	( 1.468.939 )	( 1.890.874 )
Afskrifað 31.12.2015 .....	6.907.595	1.694.482	2.415.498	11.017.575
Staða 1.1.2016 .....	6.907.595	1.694.482	2.415.498	11.017.575
Afskrifað á árinu .....	1.047.784	339.347	620.419	2.007.550
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	0	( 1.227.174 )	( 1.227.174 )
Þýðingarmunur ársins .....	0	0	( 11.552 )	( 11.552 )
Afskrifað 31.12.2016 .....	7.955.379	2.033.829	1.797.191	11.786.399
<b>Bókfært verð</b>				
31.12.2015 .....	29.519.346	9.742.342	3.926.158	43.187.846
31.12.2016 .....	44.993.329	12.615.945	2.242.018	59.851.292
Afskriftahlutföll .....	3%	3%	15-25%	

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals EUR 19,4 millj. í árslok 2016 (2015: EUR 14,5 millj.) Á sama tíma var váttryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar EUR 75,4 millj. (2015: EUR 37,9 millj.). Váttryggingaverðmæti annarra eigna en fasteigna nam EUR 8,0 millj. í árslok. (2015: EUR 5,1 millj.)

## Skýringar, frh.:

### 8. Eignarhlutir í félögum

Fjárfesting í hlutdeildarfélagi í árslok og eignarhlutur greinist þannig:

	Eignarhlutur	Afkoma 2016	Bókfært verð 2016
Jarðböðin hf. ....	23,43%	473.867	1.471.659

Eignarhlutir í öðrum félögum er færðir á upphaflegu kostnaðarverði og greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð 2016
Hreyfing ehf., Reykjavík .....	11,0%	71.859
Gufa ehf., Laugarvatni .....	19,0%	504.688
Önnur félög .....	-	12.335
Samtals .....		588.882

### 9. Birgðir

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullunnum vörum sem keyptar hafa verið fullunnar til endursölu.

### 10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2016	2015
Viðskiptakröfur .....	3.892.614	2.133.945
Krafa á tengda aðila .....	324.352	197.146
Framvirkir samningar .....	921.736	0
Aðrar skammtímakröfur .....	136.153	69.928
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals .....	5.274.855	2.401.019

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2016 nemur EUR 108 þús. (2015; EUR 62 þús.).

### 11. Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði

	2016	2015
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	2.937.773	1.116.250
Verðbréfasjóðir .....	14.802.368	4.495.692
Víxlar .....	0	276.272
Fjárfestingar tilgreindar á gangvirði samtals .....	17.740.141	5.888.214

### 12. Hlutfé

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutfé þess ISK 880,5 milljónir og er hver hlutur ein króna. Allt útgefið hlutfé er útstandandi í eigu hluthafa.

## Skýringar, frh.:

### 13. Eigið fé

	Hlutafé	Yfirverðs reikningur	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	5.258.600	11.944.335	1.424.946	21.241.788	39.869.669
Greiddur arður .....				( 10.000.000 )	( 10.000.000 )
Hagnaður ársins .....				23.464.748	23.464.748
Þýðingarmunur ársins .....			306.176		306.176
Fært á bundið eigið fé .....			192.373	( 192.373 )	0
Eigið fé 31.12.2016 .....	5.258.600	11.944.335	1.923.495	34.514.163	53.640.593

Bundnir eiginfjárreikningar greinast þannig:

	Lögbundinn varasjóður	Bundin hlutdeildar reikningur	Gangvirðis-breyting	Þýðingarmunur	Samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	1.314.650			110.296	1.424.946
Þýðingarmunur ársins .....				306.176	306.176
Fært af óráðstöfuðu eigin fé .....		13.094	179.279		192.373
Eigið fé 31.12.2016 .....	1.314.650	13.094	179.279	416.472	1.923.495

### 14. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:

	2016	2015
Fastafjármunir .....	3.552.100	3.380.482
Yfirfærlegt tap .....	( 232.234 )	( 43.303 )
Gengismunur .....	450.077	70.326
Birgðir .....	23.362	14.249
Viðskiptakröfur .....	9.911	5.340
Niðurfærsla skatteignar .....	311.846	43.303
Tekjuskattsskuldbinding .....	4.115.062	3.470.397

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2016	2015
Hagnaður ársins .....	23.464.748	15.818.322
Tekjuskattur ársins .....	6.540.230	3.998.567
Hagnaður án tekjuskatts .....	30.004.978	19.816.889

	2016	2015
Hagnaður fyrir skatta .....	30.004.978	19.816.889
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .....	20,0%	6.000.996
Aðrar breytingar .....	1,8%	539.234
Virkur tekjuskattur .....	21,8%	6.540.230
		20,2%
		3.998.567

Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:

	2016	2015
Tekjuskattur til greiðslu .....	5.895.565	3.759.926
Breyting á tímamismunum .....	644.665	( 455.848 )
	6.540.230	3.304.078

## Skýringar, frh.:

### 15. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir í lok ársins greinast þannig:

	2016	2015
Skuldir í EUR .....	34.030.272	23.829.015
Samtals .....	34.030.272	23.829.015

	2016	2015
Á gjalddaga 2016 .....	-	1.345.742
Á gjalddaga 2017 .....	1.730.273	1.244.425
Á gjalddaga 2018 .....	1.700.000	1.244.425
Á gjalddaga 2019 .....	1.700.000	19.994.423
Á gjalddaga 2020 .....	1.700.000	-
Á gjalddaga 2021 .....	27.199.999	-
	34.030.272	23.829.015

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

	2016	2015
Langtímaskuldir .....	32.299.999	22.483.273
Næsta árs afborganir .....	1.730.273	1.345.742
	34.030.272	23.829.015

Til tryggingar skuldum félagsins hafa lánveitendur félagsins veð í fasteignum dótturfélagsins Eldvarpa ehf. að Norðurljósavegi 5, 7 og 9, sem og lóðum, réttindum og rekstri. Fasteignir Eldvarpa ehf. eru bókfærðar á EUR 57,6 millj.

### 16. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2016	2015
Viðskiptaskuldir .....	5.562.642	2.770.072
Tengdir aðilar .....	458.885	175.278
Launatengd gjöld .....	2.457.841	1.518.337
Aðrar skammtímaskuldir .....	3.090.620	796.970
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	11.569.988	5.260.657

### 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, félag undir sömu yfirráðum og Bláa Lónið hf. og HS Orka hf.

Viðskiptastöður við tengda aðila um áramót greinast þannig:

	2016		2015	
	Eign	Skuld	Eign	Skuld
Hreyfing ehf. ....	313.575	286.982	188.198	0
HS Orka hf. ....	10.777	171.903	8.948	175.279
Samtals .....	324.352	458.885	197.146	175.279

Krafa við tengda aðila í árslok 2016 er færð meðal viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna samanber skýringu 10 og skuld við tengda aðila í árslok 2016 er færð meðal viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda samanber skýringu 16.

## Skýringar, frh.:

### 17. Tengdir aðilar, frh.:

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

	2016		2015	
	Sala	Kaup	Sala	Kaup
Hreyfing ehf. ....	66.503	276.450	56.382	19.737
HS Orka hf. ....	139.237	959.137	129.152	451.963

Verðlagning í viðskiptum milli tengdra aðila er sambærileg og í öðrum viðskiptum við ótengda aðila.

Auk þeirra viðskipta við tengda aðila er að framan greinir kaupir Bláa Lónið hf. heitt og kalt vatn og rafmagn af HS Veitum og nam heildarfjárhæð þeirra viðskipta EUR 455 þús. á árinu 2016 (2015; EUR 326 þús.).

### 18. Félög í samstæðunni

Í árslok 2016 voru dótturfélög Bláa Lónsins hf. í samstæðunni sex. Eldvörp ehf., sem er fasteignafélag, Íslenskar heilsulindir ehf., sem er eignarhaldsfélag um eignarhluti í Jarðböðunum hf. og Gufu ehf., BLUE LAGOON international ehf., sem er eignarhaldsfélag um Bláa Lónið Heilsuvörur ehf. og Blue Lagoon USA, Hótel Bláa Lónið ehf., Blue Lagoon Clinic ehf. og Blue Lagoon Travel ehf. Síðastnefndu tvö félögin voru stofnuð á árinu 2014 og hafa enn ekki hafið rekstur.

Bókfært verð dótturfélaga sem er fært í samstæðureikninginn greinist þannig.

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eldvörp ehf. ....	100%	25.774.715
Íslenskar Heilsulindir ehf. ....	100%	2.006.702
BLUE LAGOON international ehf. ....	100%	( 756.465)
Hótel Bláa Lónið ehf. ....	100%	( 21.587)
Blue Lagoon Clinic ehf. ....	100%	( 849)
Blue Lagoon Travel ehf. ....	100%	( 1.932)

### 19. Breytingar á lögum um ársreikninga

Í júní 2016 samþykkti Alþingi ýmsar breytingar á lögum um ársreikninga. Breytingarnar eru afturvirkar og gilda frá og með ársbyrjun 2016. Þau ákvæði lagabreytinganna sem höfðu áhrif á ársreikning félagsins voru eftirfarandi: Færa skal af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eiginfjár fjárhæð er svarar til hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga sem færð var í rekstrarreikning að svo mikli leyti sem hlutdeildin er umfram móttækinn arð frá þessum félögum eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta. Lagabreytingin leiddi til þess að félagið færði EUR 13.094 á bundinn reikning í árslok 2016.

Gerð er krafa um að félag sem hefur tilgreint fjármálagerninga á gangvirði í gegnum rekstur skuli færa fjárhæð er svarar til gangvirðisbreytinga af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eiginfjár, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á. Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum eru tilgreindir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar á árinu sem færðar voru í rekstrarreikning námu EUR 179 þúsund. Samsvarandi fjárhæð var færð á bundinn reikning.

### 20. Önnur mál

- Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsuþáða, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð- og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna samningsins voru EUR 455 þús. á árinu 2016 (2015: EUR 362 þús.).



## Skýringar, frh.:

---

### 20. Önnur mál, frh.:

- b.** Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna “Blue Lagoon” og “Bláa Lónið” í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur vörumerki félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið “Blue Lagoon” í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.
- c.** Félagið er með einkaleyfi í Evrópu á snyrtivörum og lyfjum með sérstökum blágrænþörungum. Einkaleyfið er í gildi á Íslandi, Frakklandi, Þýskalandi, Svíþjóð, Hollandi, Bretlandi, Danmörku, Sviss, Spáni og Ítalíu. Evrópska einkaleyfið var gefið út 8. júlí 2016 og er útgáfunúmerið EP2026759. Félagið er með samsvarandi einkaleyfi í Bandaríkjunum, en það var gefið út 4. ágúst 2015 og er útgáfunúmerið US8795679 B2.